

Athugasemd og ábendingar vegna ófullnægjandi kjörseðla

Kópavogi, 27. júní 2020
Málsnúmer: JBJ-20200627-1

Undirritaður kjósandi telur að kjörseðlar þeir sem dómsmálaráðuneytið lét útbúa fyrir forsetakosningar 2020 séu gjörsamlega óviðunandi og brjóta öll viðmið um nothæfa kjörseðla. Þeir munu að auki skapa mikla vinnu kjörstjórna sem góður kjörseðill hefði ekki gert.

Erindi þetta er sent á dómsmálaráðherra, dómsmálaráðuneytið, formenn yfirkjörstjórna og formenn kjörstjórna sveitarfélaga.

Ljóst er að mörg atkvæði munu koma til kasta kjörstjórna í kvöld til að dæma um gildi kjörseðla ef miðað er við myndband dómsmálaráðuneytis sem tekur fram að einungis X fyrir framan nafn frambjóðanda teljist gilt atkvæði. Þær leiðbeiningar komu ekki fram á kjörseðli.

Sökum knapps tíma sem kjörstjórnir hafa vegna talninga set ég því fram eftirfarandi ábendingar, efni þeirra er svo útskýrt nánar neðar í erindi mínu.

Ég fer fram á að í dag:

- komi kjörstjórnir sér nú strax saman um hvað teljist gilt atkvæði í talningu, óháð leiðbeiningamyndbandi dómsmálaráðuneytis sem kveður um á X sé eina gilda táknið og það eigi að vera fyrir framan nafn frambjóðanda
- sé birting talna um fjölda auðra seðla og ógildra í sitt hvoru lagi

Ég fer fram á að á næstunni:

- birti dómsmálaráðuneytið þann verkferil sem var notaður við gerð kjörseðilsins og í hvaða viðmið um gerð kjörseðla er vísað í þar
- greini dómsmálaráðuneytið frá því af hverju kjörseðlar séu enn óaðgengilegir fyrir blinda og til hvaða aðgerða verði gripið til að ráða bót á því
- kynni dómsmálaráðuneytið verkferil um gerð auðskildra og aðgengilegra kjörseðla í forsetakosningum
- kynni dómsmálaráðuneytið leiðbeiningar um gerð auðskildra og aðgengilegra kjörseðla í alþingiskosningum
- kynni dómsmálaráðuneytið leiðbeiningar um gerð auðskildra og aðgengilegra kjörseðla í sveitarstjórnakosningum
- kynni dómsmálaráðuneytið leiðbeiningar um gerð auðskildra og aðgengilegra kjörseðla vegna annarra kosninga

Það er á ábyrgð dómsmálaráðuneytis að útbúa kjörseðla og þeir eru einfaldlega óboðlegir í dag. Á þeim er ekki að finna leiðbeiningar um hvornig velja skal frambjóðanda, hvort það sé

tákn fyrir framan, aftan, ofan eða neðan við nafn frambjóðanda. Að auki kemur ekki fram hvers kyns tákn skal nota. Ekki kemur heldur fram að kjósendi geti fengið nýjan kjörseðil ef hann gerir mistök á þeim sem hann hefur í höndunum.

Viðbúið er því að upp úr kjörkössum komi atkvæðaseðlar sem eru með ýmiss konar táknum, bæði fyrir framan, aftan, ofan, neðan, á ská og jafnvel utan um eða á nafni frambjóðanda. Þar kemur því líklega til kasta kjörstjórna að dæma um hvort seðill teljist gildur ef hann sýnir augljóslega vilja kjósenda.

Enn fremur eru kjörseðlar ekki aðgengilegir fyrir blinda. Á það hefur áður verið bent, eftir stjórnlagapingskosningar 2010 voru gerðar athugasemdir við að kjörseðlar væru óaðgengilegir blindum og þáverandi dómsmálaráðherra fullvissaði Blindrafélagið um að kjörseðlar í framtíðinni yrðu nothæfir fyrir blinda. Svo reyndist ekki vera í forsetakosningunum 2012, né 2016 og ekki heldur nú 2020.

Erindi Blindrafélagsins frá 2012 fer betur yfir þetta hér:

<https://www.blind.is/is/moya/news/blindrafelagid-gerir-athugasemd-vid-framkvaemd-a-utankjorfundakosningu-til-forseta-islands>

Það er mjög miður að dómsmálaráðuneytið geti ekki sinnt þessu hlutverki sínu, að útbúa nothæfa kjörseðla, eftir ítrekaðar ábendingar. Það gaf í gær út myndband sem ekki hafði fengið nema 500 áhorf um klukkan 15:00 á kjördag. Myndbandið var ekki kynnt og var einungis að finna í textatengli á vef kosninga. Myndbandið er hér:

<https://www.youtube.com/watch?v=ftMfVpBKP1Y>

Það er einnig spurning hvort að kjörstjórnir ættu ekki að gera athugasemdir við kjörgögn sem þeim berast og eru ófullnægjandi. Framkvæmd kosninga getur aldrei orðið góð ef kjörgögn eru léleg.

Sem ítarefni má finna hér tengla á leiðbeiningar um góða og skýra hönnun kjörseðla:

- Center for Civic Design <https://civicdesign.org/fieldguides/designing-usable-ballots/>
- The Electoral Knowledge Network <http://aceproject.org/main/english/po/poc02a.htm>
- Brennan Center: Better Ballots
https://www.eac.gov/sites/default/files/eac_assets/1/28/Better-Ballots-Brennan-Center.pdf

Með kjósendakveðju,

Jóhannes Birgir Jensson
Lækjasmára 82, Kópavogi
Kennitala 140875-3099

Viðhengi:

- forsetakosningar2020.png - riss af því hvernig kjörseðill leit út, orðalag leiðbeininga er eftir minni og nöfn frambjóðenda ekki tekin fram
- forsetakosningar2016.jpg - kjörseðill frá 2016 sem var með enn minni leiðbeiningum en nú í ár

Forsetakosningar 2020

Merktu við þann sem þú vilt sem forseta.

Frambjóðandi 1

Frambjóðandi 2

